

**Sp. 483. Tillaga til þingsályktunar**

um framlenging á skólanámi kaupstaðabarna.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir, Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að framlengja kennslu í barna-skólum kaupstaðanna til næstkomandi júniloka, þar sem bæjarstjórnir óska þess. Skal miða kennslu við skólaskyldualdur og við þau börn, sem foreldrar þeirra eða forráðamenn vilja láta njóta slíkrar kennslu. Sérstaka áherzlu skal leggja á verklegt nám og íþróttir fyrir eldri börnin, en lestur og skrift fyrir þau yngri.

**G r e i n a r g e r ð .**

Það er alkunna, að í kaupstöðum landsins er mikill fjöldi barna, sem að lokinni skólavist hafa harla lítið fyrir stafni. Vorskólar einstakra kennara hafa verið fjölsóttir og gefizt vel. Virðist það benda á réttmæti þess, að fræðslumála-stjórnin sjái kaupstaðabörnum almennt fyrir áframhaldsnámi, þegar þess er óskað. Jafnframt bætir sú starfsviðbót, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, að nokkru hagi kaupstaðabarnakennara, sem allir vita, að eiga erfitt með að komast af með þau laun, sem þeim eru ætluð nú. Af þessum ástæðum er til-lagan fram borin.